

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 19. nóvember 2024
UST202411-111/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á Rangárþings ytra 2016-2028 - Hallstún

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Hallstún.

Í greinargerð kemur fram að svæðið sem breytingin nær til er Hallstún spilda (L203254). Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland en fyrirhugað er að breyta því í um 2,8 ha verslunar- og þjónustusvæði og deiliskipuleggja uppbyggingu á gistingu fyrir allt að 20 gesti í minni gestahúsum.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að staða grunnvatnsins sem fjallað er um í kafla 3.3 er óþekkt.¹ Einnig bendir stofnunin á að það þarf að koma fram í forsendum hver stefna sveitarfélagsins er varðandi vatnsvernd.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem skipulagssvæðið nær til svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði þarf að fjalla um fuglsvæðið í tillöggunni, einnig þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er um vernd fuglasvæðisins, undir kafla 3.2.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins rýri ekki verndarsvæði fuglanna og hugað sé að endurheimt og vernd. Auk þess þarf að koma fram í forsendum hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd á mikilvægum fuglasvæðum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-44-G>